

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur – Atlantshafsmakríl, 691. mál.

Undirritaður sendir hér sem einstaklingur umsögn um ofangreint s.k. „Makrílfrumvarp“.

Tillaga

Heimildir til veiða á Makríl verði boðnar upp. Þetta verði tilraunaverkefni næstu 3 ára. Settar verði reglur og skilyrði sem tryggi lágmarks dreifingu milli útgerða á landinu. Einnig hugsanlega skilyrði um lágmarksverð og hvort allir megi ganga inn í lágsta gilda tilboð.

Greingargerð

Með því að prufa uppboðsleiðina ávinnast mikið, meðal annars þetta.

1. Þetta er áhugaverð tilraun, sem deilt er um hvort henti og hvert muni leiða. Ljóst er að fjölmargir hafa áhuga á að vita hvert þetta leiðir okkur. Makrílveiðarnar skipta ekki sköpum fyrir útgerðirnar né búsetu á landinu. Hér væri hægt að gera alvöru tilraun um markaðslausn án þess að hætta miklu. Ljóst er að stórútgerðirnar sem hafa þróað veiðar á þessu sviði hafa bestar forsendur til að bjóða og fá úthlutun. Trúlega munu útgerðirnar kaupa álíka magn og þær hafa verið að veiða. Þarna er samt óvissa sem afar verðmætt er að eyða og sjá hvernig svona kerfi virkar í raun og veru.
2. Markaðslausn sem þessi gæti leitt til þess að verðmæti makrílafllans aukist. Útgerðirnar fá enn sterkari hvata til að gera sem mest úr aflanum. Það er þekkt að frumkvæði og sköpunarkraftur blómstrar best þegar þörf er á, neyðin er sæst. Úthlutun afla með núvarandi kerfi er e.t.v. heldur áreynslulítið og þægilegt kerfi fyrir alla vega stórútgerðirnar. Með markaðsaðferð verður meiri hvati til að gera sem mest verðmæti úr aflanum.
3. Áhugavert er að sjá hversu stóran hlut smábátarnir fá með þessu kerfi.

Virðingarfyllst,

Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur

kt. 230855-5799